

Fundargerð stjórnar

68. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn 24. janúar, 2006 að Austurvegi 2, Selfossi. (Ráðhús-Egilssetur)

Mættir: Einar Njálsson, formaður og Snæbjörn Sigurðsson.

**Einnig mætti á fundinn: Fulltrúar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þeir
Aðalsteinn Guðmundsson, oddviti og Þrándur Ingvarsson,
hreppsnefndarmaður.**

Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

1. **Skipulag slökkvímála í Gnúpverjahreppi og tækjamál.**

a) Slökkviliðsstjóri fór yfir skipulag slökkviliðs BÁ og rekstrarmál. Hann sýndi hugsanlegt skipulag slökkviliðs með tilkomu liðsins í Gnúpverjahreppi, hann sagði það þó ekki endanlegt þar sem hann vildi vinna að þessu skipulagi með slökkviliðsmönnum eftir að skrifað hefur verið undir samþykktir.

b) Umræður um tækjakost slökkviliðsins í Árnesi, hvað fylgir sameiningunni og hvað verður lagt með af sameiginlegum tækjakosti sem sveitarfélagið á með Hrunamannahreppi. Fulltrúar Skeiða og Gnúpverjahrepps sögðu að þessi mál hafi verið rædd, tækjakostur yrði áfram staðsettur á Flúðum en greiðsla yrði innt af fyrir hann eftir mati sem þegar væri til. Þessir fjármunir færu í uppbyggingu liðsins í Árnesi.

c) Rætt var um frekari fjármögnun fyrir liðið í Árnesi og væntanlegan samning við Landsvirkjun um eldvarnareftirlit í virkjunum.

2. **Samþykktir BÁ og undirskrift.**

Formaður fór yfir samþykktir BÁ með tilliti til innkomu Gnúpverja.

Hann lagði til lítils háttar breytingar sem voru samþykktar.

Ákveðið var að efna til undirskriftafundar í Árnesi;

Laugardaginn 25. febrúar n.k. kl. 14.00

Slökkviliðsstjóra falið að vinna að dagskrá í samvinnu við heimamenn og stjórn BÁ.

3. **Önnur mál**

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 15.10

Einar Njálsson

Snæbjörn Sigurðsson

Kristján Einarsson